



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 23/2013

## Ummæli fyrirvarsmanns Buy.is um iStore og fyrirvarsmann iStore

### I.

#### Erindið

Mál þetta hófst með erindi Sigurðar Þórs Helgasonar til Neytendastofu, dags. 29. október 2012, þar sem kvartað er yfir auglýsingu Friðjóns Björgvins Gunnarssonar, f.h. Buy.is, sem birtist á Facebook síðu Buy.is hinn 9. mars 2012. Friðjón sé eigandi og framkvæmdastjóri Buy.is en Sigurður sé eigandi og framkvæmdastjóri Frameworkz ehf. sem reki verslunina iPhone.is í samkeppni við Buy.is. Verslunin iPhone.is sérhæfi sig í sölu og viðhaldsþjónustu á hinum heimsþekktu Apple vörum og hafi lagt sig fram við að bjóða neytendum hagstæð kjör.

Í ársbyrjun 2009 hafi Friðjón hafið rekstur netverslunarinnar Buy.is í samkeppni við iPhone.is og aðra söluaðila Apple vara á Íslandi. Þótt Friðjón hafi margoft skipt um rekstrarfélög að baki netversluninni hafi hann frá árinu 2009 ávallt verið eigandi og ábyrgðarmaður fyrir rekstri Buy.is. Friðjón hafi löngum stundað óheiðarlega markaðs- og viðskiptahætti að mati Sigurðar og hafi þeir átt sínar orðasennur vegna þessa. Föstudaginn 9. mars 2012 hafi steininn tekið úr þegar Friðjón hafi birt svohljóðandi auglýsingu á Facebook síðu Buy.is, sem hafi borist til um 4.000 notenda þessa samskiptanets:

*„Það er mér sönn ánægja að benda á þá staðreynd að iPhone 4s 16GB kostar aðeins 119.900,- kr hjá Buy.is en 139.990,- kr hjá iPhone.is Þarna er um 20.000 kr verðmunur á nákvæmlega sömu vöru. Ef ég kynni prósentureikning, þá gæti ég sagt ykkur muninn í prósentum. Okur okur okur og aftur okur. Buy.is stendur gegn okurbúllum eins og iPhone.is“*

Sigurður telji að hér sé um að ræða svæsna auglýsingu sem brjóti svo gegn grundvallarlögmálum heilbrigðrar samkeppni, að ekki verði við unað.

Sigurður líti það alvarlegum augum að vera vændur um okur á viðskiptavinum sínum, sem og almennt okur í rekstri iPhone.is, en í téðri auglýsingu frá Friðjóni sé staðhæft að iPhone.is sé „okurbúlla“, þ.e. verslunarhola, sem misnoti aðstöðu sína og græði óhóflega á kostnað viðskiptavina sinna. Hugtakið okur hafi á sér einkar neikvæðan blæ, sé til þess fallið að fæla viðskiptavinum frá verslun sem borin sé slíkum sökum og geri eiganda verslunarinnar



tortryggilegan í augum neytenda. Jafnframt felist í slíkri ásökun aðdróttun um ólögmeta og eftir atvikum refsiverða háttsemi. Telji Sigurður að með hinni tilefnislausu, beinskeyttu og rakalausú árás á atvinnustarfsemi hans, sem Friðjón hafi viðhaft með greindri auglýsingu fyrir Buy.is, hafi hann brotið gróflaga gegn 2. og 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., 13. gr. og a., c. og e. lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Sé í senn kastað stórkostlegri rýrð á verslun Sigurðar og honum sýnd fádæma lítulsvirðing af hálfu Friðjóns. Beri því að ákvarða Friðjóni hámarkssekt fyrir brotin samkvæmt a. lið 1. mgr. og 2. mgr. 22. gr. laganna.

Sigurður vekir athygli á því að reglur 6. gr. laga nr. 57/2005 taki ekki aðeins til auglýsinga í skilningi laga nr. 38/2011, um fjölmiðla, heldur nái ákvæðið samkvæmt beinu orðalagi sínu einnig til annarra viðskiptaaðferða, sbr. til hliðsjónar ákvarðanir Neytendastofu nr. 6/2008 og nr. 25/2008. Skipti því ekki máli um sekt kærða þótt auglýsingin hafi verið birt á Facebook síðu Buy.is, enda snúist málið um ósvífna og óréttmæta viðskiptahætti Friðjóns í rekstri netverslunar sinnar.

Sigurður árétti einnig að hér sé á ferð mjög alvarlegt mál, sem ólíkt kærumáli sem þegar sé til meðferðar Neytendastofu og snúist um gróft brot Friðjóns á sviði markaðsréttar, sem framið hafi verið í atvinnustarfsemi Buy.is og beinst að atvinnustarfsemi iPhone.is. Hið eldra mál hafi hins vegar lotið að einkaréttarlegum ágreiningi sömu aðila og heyri því ekki undir Neytendastofu, auk þess sem sama mál sé nú þegar til úrlausnar fyrir dómstólum.

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Erindið var sent Friðjóni Björgvini Gunnarssyni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 7. nóvember 2012. Í bréfinu var tekið fram að stofnunin teldi ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 geta átt við í málinu, til viðbótar þeim ákvæðum sem tilgreind væru í erindinu.

Svar barst með bréfi, dags. 29. nóvember 2012, þar sem segir að hinn umdeildi texti hafi verið efnislega réttur, því óumdeilt sé að það hafi verið 20.000 kr. verðmunur á iPhone 4s 16GB síma hjá Buy.is og iPhone.is. Engu að síður sé Friðjóni ljóst að það hafi verið rangt að kalla iPhone.is okurbúllu og lýsa því yfir að hátt verð verslunarinnar á umræddum sínum væri okur. Hér með séu Sigurður Þór og iPhone.is beðin afsökunar á því. Slíkt muni ekki endurtaka sig. Heimfærslu Sigurðar til lagaákvæða og málsástæðum sem lúti að grófleika brotsins, ólögmetum aðdróttunum og brotum gegn hagsmunum neytenda sé mótmælt.

Hvað varði kröfugerð um hámarks stjórnvaldssekt þá sé þess vinsamlegast farið á leit að Neytendastofa sýni mildi vegna ofangreindra mistaka sem hafi verið viðurkennd og beðist afsökunar á og að sektarheimild verði ekki nýtt.



## 2.

Neytendastofu barst tölvubréf, dags. 4. desember 2012, frá lögmanni Sigurðar í tilefni bréfs Friðjóns þar sem innt er eftir viðbrögðum Neytendastofu. Hvorki Friðjón né lögmaður hans hafi haft samband við Sigurð eða lögmann hans, þó afrit hafi verið sent af bréfinu. Minnt sé á að Neytendastofa hafi ekki talið efni til að fella niður eldra mál Friðjóns á hendur Sigurði.

Með tölvubréfi Neytendastofu, dags. 7. desember 2012, var lögmanni Sigurðar svarað því að ekki hafi verið tekin ákvörðun um framhald málsins.

## 3.

Neytendastofu barst tölvubréf lögmanns Sigurðar, dags. 13. desember 2012, þar sem því var komið formlega á framfæri að af hálfu Sigurðar væri því hafnað að Friðjón fái að komast undan eðlilegri og réttlátri málsmeðferð Neytendastofu vegna hins alvarlega atvinnurógs sem hann hafi birt á Facebook síðu Buy.is, með því einu að Friðjón, með aðstoð lögmanns, sendi Neytendastofu einhverskonar afsökunarbeiðni. Óþarft sé að málalengja um það að Friðjón hafi ekkert gert á hlut Neytendastofu og því fráleitt að beina afsökunarbeiðni til stjórnvaldsins. Hefði einlægur vilji staðið að baki, hefði honum verið nær að biðja Sigurð afsökunar, en svo hafi hann ekki gert.

Í ljósi fyrri afstöðu Neytendastofu í máli nr. 47/2012, milli sömu aðila, sé þess krafist að Neytendastofa kalli tafarlaust eftir greinargerð Friðjóns og taki í framhaldi formlega ákvörðun í málinu, að lokinni gagnaöflun og rannsókn máls á stjórnsýslustigi.

Telji Sigurður að önnur og vægari málsmeðferð, þ.e. möguleg niðurfelling máls á grundvelli óopinberrar afsökunarbeiðni til þriðja aðila, sé ólögmet og standist ekki jafnræðisreglu stjórnsýsluréttarins. Yrði slík niðurstaða samstundis kærð til ógildingar hjá æðra stjórnvaldi.

Til áréttingar megi bæta því við að Sigurður hafi eftir atvikum fallist á afsökunarbeiðni Friðjóns og verið reiðubúinn til að afturkalla kæruna, ef Friðjón hefði sýnt þann manndóm að hafa samband við Sigurð og senda honum í framhaldi einlæga afsökunarbeiðni sem tekin hefði verið góð og gild. Nú séu liðnar tvær vikur frá hinu laumulega erindi lögmanns hans án þess að reynt hafi verið að ná sambandi við Sigurð. Tíminn og tækifærin til að ljúka málinu með einhverskonar sátt sé því liðinn og verði ekki aftur snúið.

Telji Neytendastofa að bréf lögmanns Friðjóns frá 29. nóvember 2012 sé ígildi greinargerðar, og sé lögmaðurinn því sammála, telji Sigurður að ekki sé þörf á frekari gagnaöflun í málinu og sé reiðubúinn að leggja það til ákvörðunar Neytendastofu hér með, en tölvubréf þetta skoðist þá sem síðustu andmæli Sigurðar.

Tölvubréfinu var svarað af Neytendastofu hinn 13. desember 2012 þar sem fram kom að Neytendastofa líti svo á að bréf lögmanns Friðjóns, dags. 29. nóvember 2012, feli í sér



skýringar og athugasemdir við erindið. Stofnunin telji gagnaöflun málsins lokið en eins og þegar hafi komið fram hafi Neytendastofa ekki tekið ákvörðun í málinu.

Í tölvubréfi Sigurðar komi fram athugasemdir við bréf Friðjóns. Sé þess óskað að bréfið verði meðhöndlað sem hluti af gögnum málsins þurfi Neytendastofa að fá upplýsingar um það og verði hann þá, í samræmi við andmælaeaglu stjórnsýsluréttar, sendur gagnaðila til umsagnar.

Vegna mikilla anna hafi Sigurði ekki verið sent formlegt afrit af bréfi Friðjóns ásamt tilkynningu um lok gagnaöflunar. Verði síðasti tölvupóstur ekki talinn hluti af gögnum málsins verði tilkynning um lok gagnaöflunar send út hið fyrsta.

Varðandi ákvörðun í málinu þá hafi málið ekki fengið flýtimeðferð og því verði það afgreitt í tímaröð miðað við önnur mál hjá stofnuninni, líkt og gert hafi verið í máli því sem leiddi til ákvörðunar nr. 47/2012.

Í svari lögmanns Sigurðar, sem barst Neytendastofu með tölvubréfi samdægurs, kemur fram að Sigurður sé samþykktur því að gagnaöflun teljist lokið með bréfi lögmanns Friðjóns, þó þannig að nauðsynlegt sé að Neytendastofa meðhöndli fyrri tölvubréf lögmannsins f.h. Sigurðar sem formlegan hluta af málgögnum, sem lögmaður Friðjóns svari sérstaklega telji hann tilefni til. Loks sé samþykkt að málið verði að svo búnu tekið til ákvörðunar.

Hvorki sé nauðsynlegt að senda formlegt bréf um svarbréf Friðjóns frá 29. nóvember 2012, né heldur með formlegum hætti skrifleg viðbrögð Friðjóns við tölvubréfi Sigurðar frá 13. desember, ef einhver verða, fái hann sent afrit af því.

#### 4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. desember 2012, var Friðjóni gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum við tölvubréf Sigurðar.

Ekkert svar barst.

#### 5.

Með bréfi Sigurðar Þórs Helgasonar, dags. 15. apríl 2013, barst Neytendastofu viðbót við fyrra erindi. Í bréfinu segir að þrátt fyrir afsökun sem fram hafi komið í bréfi til Neytendastofu hafi Friðjón enn á ný viðhaft sambærilega viðskiptahætti.

Mánudaginn 1. apríl hafi Friðjón fundið hjá sér hvöt til að veitast að persónu og verslunarrekstri Sigurðar og birt á Facebook síðu Buy.is einhverskonar samanburðarauglýsingu. Þar hafi hann borið saman tvær ólíkar vörur, hælt sjálfum sér fyrir drenglynda samkeppni, vænt Sigurð enn á ný um okur, borið á hann gríðarlega græðgi verslunarmanns og sakað hann um einokun og ólöglegt samráð við Epli.is um verðlagningu Apple vara hér á landi. Meðal hinna umkvörtuðu ummæla hafi verið þessi:



„Í örvæntingu sinni hefur eigandi iStore lækkað verðið á sinni vél um 50.000 kr [...] sjáum hvað Bjarni Áka segir þegar gulldregurinn hans óhlyðnast svona og lækkar verðið svona mikið. Það verður ekki fallett skal ég segja ykkur, því það eru tveir menn sem stjórna verði Apple vara á Íslandi, þeir heita Bjarni Áka og Valdi Gríms.“

„Verðin voru lækkuð eftir samráð á milli epli og istore í dag. Það er engin tilviljun að [...] það lækkar samtímis hjá báðum aðilum. Þetta sýnir hins vegar GRÍÐARLEGA örvæntingu og SVAKALEGA álagningu þessara aðila.“

„Á Íslandi er einokun með apple vörur sem sýnir sig skýrt í þessum verðmun.“

„Segðu svo að Buy.is ógni ekki þessum mönnum og ógurlegri græðgi þeirra.“

Í bréfinu er vísað til fyrra erindis um málsástæður og lagarök en Sigurður líti það alvarlegum augum að vera vændur um okur á viðskiptavinum sínum, einokunarstarfsemi og ólögmett samráð við Epli.is. Hann telji, að með hinni tilefnislausu, beinskeyttu og rakalausú árásum á persónu hans og atvinnustarfsemi, sem Friðjón viðhafi með hinni nýju auglýsingu fyrir Buy.is, hafi hann brotið gróflega gegn 5. gr., 1., 2. og 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., 9. gr., 1. mgr. 15. gr. sem og a., b. og e. lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005, enda í senn kastað stórkostlegri rýrð á verslun Sigurðar og honum sýnd fádæma lítilsvirðing af hálfu Friðjóns. Beri því að ákvarða hámarkssekt fyrir brotin samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laganna.

Að öðru leyti eru ítrekuð fyrri rök og fyrri kröfur um sektarálagningu.

## 6.

Bréf Sigurðar var sent Friðjóni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 23. apríl 2013. Í bréfinu var tekið fram að Neytendastofa telji kvörtunarefni bréfsins nátengt fyrra erindi Sigurðar þó ekki sé um sömu auglýsingu eða sömu ummæli að ræða og því hafi stofnunin tekið ákvörðun um að afgreiða erindin sameiginlega.

Ekkert svar barst.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta varðar tvö erindi Sigurðar Þórs Helgasonar, eiganda og framkvæmdastjóra verslunarinnar iPhone, vegna ummæla Friðjóns Björgvins Gunnarssonar, eiganda og framkvæmdastjóra netverslunarinnar Buy.is sem rekin er í samkeppni við verslun Sigurðar. Erindi eru af sömu rót runnin og því telur Neytendastofa rétt að fjallað sé sameiginlega, í einni



og sömu ákvörðun, um bæði erindin. Að mati Sigurðar hefur Friðjón brotið gegn góðum viðskiptaháttum og ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með ummælum á Facebook síðu Buy.is. Af hálfu Friðjóns var beðist afsökunar á þeim ummælum sem fyrra erindi Sigurðar varðaði en að öðru leyti hafa Neytendastofu ekki borist skýringar eða athugasemdir við erindin.

## 2.

Í erindum Sigurðar var vísað til ákvæða 5. gr., 1., 2. og 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., 9. gr., 13. gr., 1. mgr. 15. gr. sem og a., b. og e. lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005,

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 6. gr. laganna segir:

*„Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla.“*

Ákvæði 2. mgr. 6. gr. laganna er svohljóðandi:

*„Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“*

Í greinargerð með ákvæðinu þegar það kom fyrst fram í lögum segir að upplýsingar sem fram komi í auglýsingum eða öðrum viðskiptaaðferðum geti talist brot á ákvæðinu enda þótt þær séu efnislega réttar og sannar.

Þá segir í 4. mgr. 6. gr.:

*„Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.“*

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 er í III. kafla laganna og á við um fjárhagslega hagsmuni neytenda. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*



9. gr. er í III. kafla laganna og á við um fjárhagslega hagsmuni neytenda. Samkvæmt ákvæðinu eru viðskiptahættir villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Í staflíðum a. – g. er fjallað um hvaða röngu upplýsingar átt sé við en í erindi Sigurðar voru hin umkvörtuðu ummæli ekki heimfærð undir tiltekna staflíði.

Í 1. mgr. 13. gr. laganna segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er í IV. kafla laganna og felur í sér vernd annarra hagsmuna neytenda en fjárhagslegra.

Í 15. gr. laganna er fjallað um að samanburðarauglýsingar séu allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinauta eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Hugtakið samanburðarauglýsing er skilgreint rúmt svo allar tegundir samanburðar heyra þar undir.

Í a. lið 2. mgr. 15. gr. segir að samanburðarauglýsingar skuli að því er samanburð varðar ekki vera villandi. Samkvæmt b. lið skal samanburðurinn taka til vöru eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum og er ætluð til sömu nota og í e. lið segir að í samanburðarauglýsingum skuli ekki kastað rýrð á vörumerki, vöruheiti, önnur auðkenni, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður keppinautar, eða þeim sýnd lítilsvirðing.

### 3.

Hin umkvörtuðu ummæli Friðjóns komu fram sem stöðuuppfærslur og athugasemdir við þær á Facebook síðu Buy.is. Á umræddri síðu getur Buy.is kynnt vörur og þjónustu sína auk þess að eiga bein samskipti við neytendur. Ákvæði laga nr. 57/2005 taka ekki einungis til auglýsinga í þröngri merkingu þess orðs heldur einnig til svipaðra viðskiptaaðferða, sbr. 2. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 15. gr. laganna. Þá er í 5., 8. og 9. gr. notast við hugtakið „viðskiptahættir“ sem er skv. orðskýringu í 6. tölul. 3. gr. markaðssetning eða önnur athöfn, athafnaleysi eða háttarni sem tengist kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptum með vöru og þjónustu. Neytendastofa telur því engum vafa undiropið að stöðuuppfærslur og önnur ummæli sem sett eru fram á Facebook síðum fyrirtækja falli undir ákvæði laga nr. 57/2005 enda séu þau sett fram í viðskiptalegum tilgangi.

Í erindum Sigurður eru tilgreind þau ummæli sem kvartað er yfir:

*„Það er mér sönn ánægja að benda á þá staðreynd að iPhone 4s 16GB kostar aðeins 119.900,- kr hjá Buy.is en 139.990,- kr hjá iPhone.is Þarna er um 20.000 kr verðmunur á nákvæmlega sömu vöru. Ef ég kynni prósentureikning, þá gæti ég sagt ykkur muninn í prósentum. Okur okur okur og aftur okur. Buy.is stendur gegn okurbúllum eins og iPhone.is“*



*„Í örvæntingu sinni hefur eigandi iStore lækkað verðið á sinni vél um 50.000 kr [...] sjáum hvað Bjarni Áka segir þegar gulldrengurinn hans óhlyðnast svona og lækkar verðið svona mikið. Það verður ekki fallett skal ég segja ykkur, því það eru tveir menn sem stjórna verði Apple vara á Íslandi, þeir heita Bjarni Áka og Valdi Gríms.“*

*„Verðin voru lækkuð eftir samráð á milli epli og istore í dag. Það er engin tilviljun að [...] það lækkar samtímis hjá báðum aðilum. Þetta sýnir hins vegar GRÍÐARLEGA örvæntingu og SVAKALEGA álagningu þessara aðila.“*

*„Á Íslandi er einokun með apple vörur sem sýnir sig skýrt í þessum verðmun.“*

*„Segðu svo að Buy.is ógni ekki þessum mönnum og ógurlegri græðgi þeirra.“*

Eins og áður hefur komið fram baðst Friðjón, við meðferð málsins, afsökunar á fyrstu ummælunum. Að öðru leyti hefur athugasemdum Sigurðar vegna ummællanna ekki verið svarað.

Með lögum nr. 57/2005 er ekki komið í veg fyrir að fyrirtæki tjái sig um keppinauta sína eða viðskiptahætti þeirra en í lögnum eru þó settar ákveðnar skordur við því að slíkt sé ekki gert með ósanngjörnum hætti eða þannig að vegið sé að keppinauti, vöru eða þjónustu sem keppinautur býður.

Neytendastofa telur hin umkvörtuðu ummæli afar ósanngjörn gagnvart Sigurði og verslun hans iStore, áður iPhone.is. Af hálfu Friðjóns er Sigurður vændur um okur, svakalega álagningu og græðgi auk þess sem verslunin iStore er nefnd í tengslum við einokun með Apple vörur. Neytendastofa telur ummælin ómálefnaleg og til þess fallin að kasta rýrð á vörumerki iStore, áður iPhone.is, og hafa þannig áhrif á ákvörðun neytenda um það hvar þeir eigi viðskipti. Neytendastofa telur ummælin brjóta gegn ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 8. gr. og e. lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005.

#### 4.

Af hálfu Sigurðar var farið fram á að lögð yrði stjórnvaldssekt á Friðjón fyrir brotið. Stjórnvaldssektir hafa mikil varnaðaráhrif að mati Neytendastofu. Í máli þessu hefur Friðjón endurtekið og ítrekað brotið þær reglur sem gilda um viðskiptahætti og markaðssetningu, eins og að framan hefur verið lýst. Af þeim ástæðum telur Neytendastofa rétt að teknu tilliti til málsatvika í máli þess að leggja stjórnvaldssekt á Friðjón fyrir brotið, skv. heimild í a. lið 22. gr. laga nr. 57/2005. Að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur stofnunin hæfilegt að ákvarða sektina 150.000 kr.





#### IV. Ákvörðunarorð:

„Friðjón Björgvin Gunnarsson, eigandi Buy.is, Hrísríma 5, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 8. gr. og e. lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með eftirfarandi ummælum sem birtust á Facebook síðu Buy.is:

- „*Það er mér sönn únægja að benda á þá staðreynd að iPhone 4s 16GB kostar aðeins 119.900,- kr hjá Buy.is en 139.990,- kr hjá iPhone.is Þarna er um 20.000 kr verðmunur á nákvæmlega sömu vöru. Ef ég kynni prósentureikning, þá gæti ég sagt ykkur muninn í prósentum. Okur okur okur og aftur okur. Buy.is stendur gegn okurbúllum eins og iPhone.is“*
- „*Í örvæntingu sinni hefur eigandi iStore lækkað verðið á sinni vél um 50.000 kr [...] sjáum hvað Bjarni Áka segir þegar gulldregurinn hans óhlýðnast svona og lækkar verðið svona mikið. Það verður ekki fallett skal ég segja ykkur, því það eru tveir menn sem stjórna verði Apple vara á Íslandi, þeir heita Bjarni Áka og Valdi Gríms.“*
- „*Verðin voru lækkuð eftir samráð á milli epli og istore í dag. Það er engin tilviljun að [...] það lækkar samtímis hjá báðum aðilum. Þetta sýnir hins vegar GRÍÐARLEGA örvæntingu og SVAKALEGA úlagningu þessara aðila.“*
- „*Á Íslandi er einokun með apple vörur sem sýnir sig skýrt í þessum verðmun.“*
- „*Segðu svo að Buy.is ógni ekki þessum mönnum og ógurlegri græðgi þeirra.“*

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Friðjóni Björgvini Gunnarssyni bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Friðjón Björgvin Gunnarsson að fjárhæð 150.000 kr. (hundraðogfimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 18. október 2013

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Sigurjón Heiðarsson